

## MINNINGAR

ÞORBJÖRG  
JÓNSDÓTTIR

† Þorbjörg Jónsdóttir fæddist 1. nóvember 1918 í Reykjavík. Hún lést á hjartadeild Landspítalans 20. mars síðastliðinn. Foreldrar hennar voru Jón Kristjánsson, læknir í Reykjavík, f. á Breiðabólstað 14. júní 1881, d. 17. apríl 1937, og Emilía Sighvatsdóttir, f. í Reykjavík 12. okt. 1887, d. 18. nóv. 1967. Foreldrar Jóns voru Kristján Jónsson hreppstjóri, f. 23. feb. 1848, d. í Reykjavík 18. jan. 1932, og Gróa Ólafsdóttir, f. 6. jan. 1839, d. 15. maí 1907. Foreldrar Emilíu voru Sighvatur Kristján Bjarnason bankastjóri, f. 25. jan. 1859, d. 30. ág. 1929, og Ágústa Ástgerður Sigfúsdóttir, f. 9. jan. 1864, d. 30. maí 1932. Bræður Þorbjargar voru: 1) Sighvatur afgreiðslumaður, f. 29. sept. 1913, d. 6. sept.



1969. 2) Kristján loftskreytamaður, f. 4. apríl 1915, d. 14. júní 1994. 3) Ólafur raf-eindavirkjameistari, f. 2. ág. 1916. 4) Ágúst skipstjóri, f. 2. ág. 1926, d. 26. des. 1996. Þorbjörg giftist 15. des. 1944 Sigurði Ólafsson, lyfsala í Reykjavík, f. á Brimilsvöllum 7. mars 1916, d. í Reykjavík 14. ág. 1993. Foreldrar hans voru Ólafur Bjarnason, bóndi og hreppstjóri á Brimilsvöllum, f. 10. apríl 1889, d. 3. ág. 1982, og Kristólína Kristjánsdóttir, f. 4. ág. 1885, d. 29. nóv. 1960. Þorbjörg og Sigurður eignuðust tvo syni: 1) Ólafur, verkfræðingur í Reykjavík, f. 18. júní 1946. Kona hans er Helga Kjaran kennari, f. 20. maí 1947. a) Fóstursonur Ólafs og sonur Helgu er Birgir Ármannsson, lögfræðingur, f. 12. júní 1968. Kona hans er Ragnhild-

og var vel að sér þar og minnug var hún á alla afmælisdaga fjölskyldu og vina.

Eftir Danmerkurdvölinu hóf Obba störf hjá Gefjun en síðan fór hún að vinna í Reykjavíkuraþóteki. Þar hitti hún eiginmann sinn Sigurð Ólafsson lyfjafræðing síðar lyfsala í því sama aðeiti. Ekki höfðu þau þekkt lengi þegar þau ákváðu að giftast og sagði hún mér að tilhugaféið hefði bara staðið í einn mánuð. Þau gengu í hjónaband 15. desember árið 1944.

Fyrstu búskaparar sín bjuggu Obba og Siggí á Eiríksgötuinni heima hjá Emilíu móður Obbu. Mjög erfitt var að fá húsnæði á þessum tíma en ungu hjónin fengu síðan íbúð í Sörlaskjólí en fluttu svo á Kirkjuteig. En þröngt var á Kirkjuteignum og unga fólkíð langaði til að eignast þak yfir höfuðið. Þegar farið var að úthluta lóðum í Smáibúðahverfinu fór frá Emilía til borgarstjóra og fékk lóðina í Teigagerði 17 handa sér, Siggá og Obbu. Þarna hófu þau svo byggingu lítills einbýlshúss og unnu það að miklu leyti sjálf. Emilía bjó hjá þeim þar til heilsa hennar var farin og hún þurfti að fara á hjúkrunarheimili. Í Teigagerði bjuggu þau öll sín bestu ár og þar ólu þau upp synina sína.

Hjónaband þeirra var afar farsælt og voru þau mjög samhent í öllu sem þau gerðu. Ekki eyddu þau óþarfa tíma í að velta hlutunum fyrir sér og höfðu óskaplega gaman að alls kyns framkvæmdum. Sem dæmi um skjót-ár ákvarðanir þeirra hjóna má nefna að einu sinni skruppu þau í matar-ábúð en komu heim á nýjum bil.

Eftir að Siggí hætti starfi sínu í Reykjavíkuraþóteki ætluðu þau að nota tímann til þess að ferðast og njóta efri árána. Þau fóru nokkrum sinnum á Rotaryþing í útlöndum en þau höfðu bæði mikið yndi af þeim félagskap og starfaði Obba þar af heilum hug með manni sínum. Í Teigagerði höfðu þau komið sér upp falletum garði en þegar aldurrinn færðist yfir fannst þeim taka heldur mikinn tíma að sinna honum og heilsan var ekki nógu góð til þess að þau gætu annast hann sjálf ásamt viðhaldi hússins. Þá tóku þau þá ákvörðun að selja húsið og keyptu sér íbúð að Grandavegi 47. Við Ásdís svilkona mín vorum með þeim þegar þau skoðuðu íbúðina í fyrsta skipti og það var eins og oft áður að ekki tók langan tíma að taka ákvörðun. Hún var tekin við eldhúsgluggann þegar þau horfðu á sólna setjast bak við Snæfellsjökul. Þá sögðu þau: „Hér getum við búið“. En Siggí var fæddur á Brimilsvöllum á Snæfellsnesi og öll fyrstu hjúskaparar sín eyddu þau sumarfríinu á Völlum, þar sem strákarnir voru í sveit þar til Ólafur tengdapabbi Obbu hætti búskap.

Mér er minnstætt hversu skemmtilegt var að fylgjast með

ur Lövdahl sendirádsstarfsmaður, f. 1. maí 1971. Börn Ólafs og Helgu eru b) Björg líffræðingur, f. 18. okt. 1976. Sambýlismaður hennar er Daði Jónsson, f. 2. maí 1979. c) Ólöf líffræðinemi, f. 29. okt. 1980. Sambýlismaður hennar er Helgi Snær Sigurðsson, f. 3. okt. 1974. 2) Jón, læknir í Garðabæ, f. 22. sept. 1947. Kona hans er Ásdís Magnúsdóttir lyfjateknir, f. 5. nóv. 1947. Börn Jóns og Ásdísar eru a) Sigurður Örn verkfræðingur, f. 13. júní 1970. Kona hans er Sigríður Oddný Guðjónsdóttir iðjubjálfi, f. 2. feb. 1971. Barn þeirra er Signý Stella, f. 24. maí 1999. Börn Sigurðar Arnar eru Árni Friðrik, f. 7. maí 1989, Jóhanna Guðrún, f. 19. okt. 1991 og Jökull Andri, f. 17. sept. 1994. b) Þorbjörg viðskiptafræðingur, f. 9. ág. 1974. c) Hermann Páll framleiðandi, f. 19. jan. 1977.

Þorbjörg vann við afgreiðslustörf á yngri árum en var síðan heimavinandi húsmóðir flest sín hjúskaparar. Heimili Þorbjargar og Sigurðar var lengst af í Teigagerði 17 í Reykjavík, en síðasta ári sitt saman bjuggu þau á Grandavegi 47 þar sem hún bjó síðan.

Þorbjörg verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

þeim hjónunum þegar þau voru að koma sér fyrir á Grandaveginum, það hefði mátt halda að þau væru nýtrúlofuð en ekki búin að vera gift í tæp 50 ár. En því miður áttu þau ekki saman nema tæpt ár á Grandaveginum því sumarið 1993 veiktist Siggí og lést hann 14. ágúst. Obba vék ekki frá rúmi hans meðan hann lá banaleguna og var fallett að sjá þau haldast í hendur og hana sinna honum.

Síðustu tvö til þrjú ár hafa verið tengdamóður minni erfð heilsan hefur gefið sig og minnið hefur versnað. Tók hún þessu með mestu ró en sagði oft það væri slæmt að geta ekki skipt um haus. Sambýliskonur Obbu á Grandaveginum hafa verið henni ómetanlegur styrkur og hjálp, sótt hana í mat og Kristín sem býr í næstu íbúð aðstoðaði hana kvölds og morgna m.a. við tesopann sinn og heyrnartækið. Viljum við færa þeim okkar bestu þakkir fyrir.

Sem betur fer slapp Obba við langa sjúkdómslegu. Hún fékk að-

svif þriðjudagskvöldið 19. mars en var með fullri meðvitund þegar við kvöldum hana á spítalanum það kvöld en daginn eftir missti hún meðvitund og lést að kvöldi þess dags.

Að lokum bið ég Guð að blessa minningu Obbu og þakka fyrir að hafa fengið að vera hluti af fjölskyldu hennar.

Helga Kjaran.

Elsku amma mín litla, nú ertu farin frá okkur, nú ertu komin í faðminn hans afa. Þú áttir svo góða ævi og skilur svo margt gott eftir þig og nú tekur nýtt fallett tímabil við hjá þér. Mig langar svo að þakka þér fyrir allt sem við gerðum saman í gegnum árin, það var svo yndislegt að vera með þér. Ég veit að afi passar þig og þið hafði það notalegt saman. Ég mun alltaf hugsa til þín.

Ástarkveður,

Þorbjörg.

Jæja, þá er hún Obba amma farin að hitta afa, farin að hitta hann Siggá sinn. Hún er búin að vera að biða eftir að hitta hann aftur í átta og hált áf er eða svo, þótt ekki hafi henni kannski legið neitt á eða hún verið „bara“ að biða. Elsku amma, ég sendi þér hér smákveðju. Í dag reikaði hugur minn herbergi úr herbergi í gamla húsinu ykkar í Teigagerðinu, þar sem ég var svo oft í heimsókn og gisti oft en ekki. Litli ömmu- og afastrákurinn svaf „á milli“ og afi þýddi Andrés Önd af al-kunnri snilld upp úr gömlu dönsku Andrésblöðunum. Afí færði okkur svo morgunmatinn í rúmið, þrammandi í inniskóm og slopp og við hlógum alltaf jafn mikið og innilega þegar hann kom eftir ganginum og tilkynnti að nú ættum við að „rísa upp!“ Amma, ætli ég hafi verið fimm ára þegar þú kenndir mér húsakapalinn. Hve lengi við gátum setið og lagt hann aftur og aftur veit enginn, í það minnsta ekki afi steinsofandi undir Mogganum og heklaða búta-teppinu í sófanum við hliðina á okkur.

Þú varst líka sniðug að taka ákvarðanir. Þið afi höfðu kannski skoðað einhvern nýjan bíl en helgi, bara svona í gamni, en í vikunni á eftir laumaðist þú inn í umboð og pantaðir hann. Svo tilkynntirðu afa

þetta ráðabrugg þitt eftir á og hann sagði: „Gott hjá þér!“ og þá var það bæði útrætt og ákveðið. Þú varst fljótari að kaupa nýjan bíl en að japla á einu ópali. Já, hvernig þér tókst að láta eitt ópal duga, meðan ég tuggði heilan pakka, var mér mikil ráðgáta á mínum yngri árum.

Ég var oft í Teigó í próflestri í Menntaskólanum, enda hvergi betra að vera í slíkri útleög – sér svefnherbergi, sér lestrarafdrepp og tveir einkahjónar, sem voru reyndar (g) allharðir húsbændur í senn. Sérstaklega góð var þjónustan í stúdentsprófunum, enda var óvenju mikill afgangur af jólasúkkulaðinu á háaloftinu það vorið. Maður fékk þó ekkert að hangsa eða sofa út, það var séð til þess. Það átti jú að ná góðri einkunn.

Eftir að þið fluttuð á Grandavegin var ég þar hjá ykkur einhvern próflesturinn í háskólanum, eða var það hjá þér, amma, fyrsta veturinn sem þú varst ein? Margoft vandi ég komur mínar á Grandavegin, tilefni eða ekki, og alltaf var það jafn ljúft. Við í Garðabænum kölluðum það stundum Teigagerði, vegna þess hve gamli góði Teigagerðisandinn ykkar afa var þar alltaf til staðar. Og manstu, amma, þegar ég gisti hjá þér nóttina eftir að afi dó, hvernig við grétum og hugguðum hvort annað. Gott ef við fengum okkur ekki sérrístaup á náttslöppunum um miðja nótt. Ég man að ég sagði við þig þá nóttina að lífið væri ekki búið, það væri nóg eftir og benti á Óla bróður þinn sem hafði misst konuna sína nokkrum árum áður. En teksti á við framhaldið með reisu og stæl. Þú tókst stóra bróður þinn þér svo sannarlega til fyrirmyndar, enda voruð þið alltaf svo samrýnd systkinin – þið Óli, Kiddi og Gústi. Nú er Óli einn eftir.

Þegar afi dó og ég minntist allra yndislegu samverustundanna með honum og ykkur saman, þá man ég hvað ég var stoltur að hafa verið skírður í höfuðið á honum. Tobba systir ber eflaust sömu kennd í brjosti nú, því þið voruð alltaf svo einstök, yndisleg og skemmtileg heim að sækja og heim að fá.

„Alltaf varstu svo blíð og góð...“ segir í laginu eða þar um bíl, og það gætu verið einkennisorð mín um þig. Bless amma, takk fyrir mig og ég bið að heilsa afa.

Sigurður Örn Jónsson.

KRISTJÁN  
ÞÓRHALLSSON

† Kristján Friðrik Þórhallsson frá Björk í Mývatnssveit fæddist í Vogum í Mývatnssveit 20. júlí 1915. Hann lést á heimili sínu 12. mars síðastliðinn og fór úttúr hans fram frá Reykjavíðarkirkju 16. mars.



Elsku afi, við munum alltaf eftir því hvað þú varst góður og hvað það var gott að koma í Björk til ykkar ömmu. Þú varst alltaf að gefa okkur mola, oftast kandís eða svona hvítan mola með rauðum röndum en þegar við vorum með kvef gafstu okkur háls-mola. Þú last líka endalaust af bókum fyrir okkur.

Ef við vorum forvitnar um eitthvað í gamla daga var alltaf hægt að spyrja þig, þú mundir eiginlega allt sem gerðist. Meira að segja öll símanúmerin þegar síminn kom fyrst í Mývatnssveit þótt okkur fyndist þetta allt bara vera stutt, löng, stutt, löng.

Þegar við vorum litlar var svo spennandi að smakka morgunmatinn sem þú bjóst þér til úr hafrámjöli og seríosi og heitu vatni, og þú settir alltaf afi þú rúsinum út í seríosi okkar. Við fengum líka að fara með þig þú fórst að sækja ömmu, næstum því hvenær sem við vildum.

Elsku afi okkar, nú ertu farinn en við munum alltaf eftir þér.

Sigurlaug og Úna.

Afi Kristján er dáinn. Þegar ég fékk þessar fréttir snemma morguns 12. mars, vissi ég ekki hvort ég ætti að þakka guði fyrir að þetta væri loksins búið og að afi þyrfti ekki að þjást lengur, eða líta til hans illu auga fyrir að hafa tekið afa minn frá mér svona snögg.

Þessar fréttir fengu allar samverustundir okkar afa til þess að renna saman í eitt. Enginn einn atburður var minnisstæðari en annar, allt helltist yfir mig eins og það hefði gerst í gær. Núna er ég sáttur við að þessu er lok-íð, jafnvel þótt söknudurinn sé óbærilegur og mér þætti full nærri mér höggvið, þegar hann var tekinn í burtu. Lífið heldur áfram, það koma skemtilegir tímar aftur, en sveitin okkar afa, Mývatnssveit, verður aldrei aftur sú sama. Ég naut þeirra forréttinda að vera eina barnabarn afa og ömmu í Vogum í Mývatnssveit, fyrstu 11 árin ævi minnar. Ég fékk því óskipta athygli afa míns, rétt eins og að ég væri yngsti sonur hans.

Mér leið alltaf vel hjá afa. Við gerðum margt þessi 25 ár sem við höfðum saman. Afí keyrði með mig uppá Kröflu og sýndi mér eldgosíð sem varð þar síðast, við fórum oft á vatnið til þess að veiða silung, en það var eitt af mörgum áhugamálum afa míns. Allan ársins hring reyndi ég að eyða sem mestum tíma í Mývatnssveit.

Þegar ég þurfti að mæta í skólann kl. átta á morgnana, fór ég með afa upp í Kísliðju snemma morguns til þess að taka kísilblí niður á Húsavík til að ná skólanum, tíminn í sveitinni var alltaf nýttur fram að síðustu mínútu.

Afi var alltaf meðvitáður um allt sem var að gerast í kringum hann. Hann kunnir margt þrátt fyrir stutta skólagöngu, var mjög fær í að koma frá sér sögum og fréttum. Afí Kristján kenndi mér margt á þessum árum. Við ræddum oft en ekki um sveitina, náttúruna og dýralífið. Mývatnssveitin skipti afa miklu máli, hann sýndi mér hvernig ætti að umgangast sveitina með virðingu, virða dýralífið og náttúruna.

Ég get ekki hugsað til þess að ég geti ekki lengur hringt í afa að morgni dags, og spurt hann um veðurtilit og hvort það sé veður til þess að fara á rjúpu. Þannig hefur hver einasti veiðdagur þyrjað hjá mér síðustu 10 ár, eða frá því að afi fór með mig í hraun-íð heima í Vogum í fyrsta skipti.

Við ræddum það oft í sumar og haust þegar við fórum daglega á spítalanum í Reykjavík, hvað það yrði gaman þegar þetta yrði búið og við kæmumst aftur heim í Mývatnssveit áður en rjúpnatímabilið byrjaði. Við vissum það samt báðir undir niðri að það gat brugðið til beggja vona með heimferðina. En okkur tókst það, og við afí flugum í október saman aftur heim í sveitina okkar. Þar fékk afi minn Kristján að eyða síðustu ævildögum sínum, hjá þeim sem honum þótti vænst um, og í sveitinni sinni.

Pakka þér afi minn fyrir góðar stundir og allt það sem þú hefur kennt mér. Þú verður áfram mín fyrirmynd í einu og öllu.

Minningin um þig mun lifa með mér.

Guðni Rúnar Helgason.